Nr. 16.
22.
marz.

# Lög

um

breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Saurbæjarþingaprestakall skal vera Staðarhóls- og Hvolssóknir í Dala-prófastsdæmi og Garpsdalssókn í Barðastrandar-prófastsdæmi. Hver hinna þriggja kirkna brauðsins skulu vera þriðjungakirkjur.

Þegar sameining þessi er komin á, fellur burt það 300 kr. tillag úr landssjóði, sem Garpsdalsprestakalli er ákveðið með lögum 4. nóv. 1881.

2. gr.

Skarðsþingaprestakall skal vera Skarðs- og Dagverðarness-sóknir. Skarðs- og Dagverðarnesskirkjur skulu vera helmingakirkjur.

3. gr.

Hvammsprestakall skal vera Hvamms- og Staðarfellssóknir. Hvamms- og Staðarfellskirkjur skulu vera helmingakirkjur. Brauð þetta heldur kirkjujörðum þeim og prestsmötum, sem því tilheyrðu fyr meir.

4. gr.

Hjarðarholtsbrauð skal vera Hjarðarholtssókn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. marz 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsígli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 16.
22de
Marts.

# Lov

om

## Omordning af nogle Præstekald i Dala og Bardastrands Provstier.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Saurbæjarthing Præstekald skal indbefatte Stadarholl og Hvol Sogne i Dala Provsti og Garpsdalur Sogn i Bardastrands Provsti. Præstekaldets tre Kirker skulle være ligestillede med Hensyn til Gudstjenesten.

Naar denne Omordning er gjennemført, bortfalder det Garpsdalur Præstekald ved Lov af 4de Novbr. 1881 tilstaaede Tilskud af 300 Kr. af Landskassen.

§ 2.

Skardsthing Præstekald skal indbefatte Skard og Dagverdarnes Sogne. Skard og Dagvardarnes Kirker skulle være ligestillede med Hensyn til Gudstjenesten.

§ 3.

Hvammur Præstekald skal indbefatte Hvammur og Stadarfell Sogne. Hvammur og Stadarfell Kirker skulle være ligestillede med Hensyn til Gudstjenesten. Præstekaldet beholder de det forhen tilhørende Kirkejorder og Præstesalærer.

§ 4.

Hjardarholt Præstekald bestaar af Hjardarholt Sogn.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22de Marts 1890.**

Under Vor kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*